

Verklagsregla um tæknifrjóvgunarmeðferðir erlendis

Almennt um greiðslupátttöku

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði vegna tæknifrjóvgunar í aðildarríkjum EES, Sviss og Bretlandi á grundvelli 23. gr. a) laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 484/2016.¹

Greiðslupátttaka í meðferðinni er sú sama og ef meðferð hefði farið fram hér á landi.

Eingöngu er greitt fyrir þjónustu sem veitt er á starfsstofu sem rekin er á grundvelli leyfis heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi landi. Þjónustuveitandi skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit.

Hvað er innifalið í heilli meðferð

Í 1. gr. reglugerðar nr. 1579/2024² kemur fram hvað felst í einni meðferð. Segir að tækifrjóvgun hefjist með því að kynfrumum, eggjum eða sæði, er safnað. Kynfrumur eru ýmist frystar eða egg frjóvgað og tilbúnir fósturvísar frystir eða settir upp. Hverri meðferð lýkur með einni uppsetningu fósturvísis eða fósturvísa, óháð því hve margir fósturvísar kunna að hafa orðið til í ferlinu. Ef enginn nothæfur fósturvísir fæst úr meðferð telst henni samt sem áður lokið.

Í 2. gr. segir að innifalinn í meðferð sé kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, viðtöl við sérfræðinga og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, önnur en örvunarlyf eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslupátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.

Ef enginn nothæfur fósturvísir fæst eða ef ákveðið er að frysta fósturvísa og hefja eggheimtu þegar á ný, í stað þess að setja upp fósturvísi, telst meðferð einnig lokið. Ný meðferð hefst þá með undirbúningi nýrrar eggheimtu.

Greiðslupátttaka í tæknifrjóvgunarmeðferð

Greitt er fyrir IVF meðferðina á sama hátt og fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð sem fram fer hér á landi.

Upplýsingar um greiðslupátttöku í meðferð sem fer fram hér á landi má finna í 2. gr. reglugerðar nr. 1579/2024. Þannig er endurgreiðsla í fyrstu meðferð allt að 150.000 kr., en allt að 400.000 kr. í annarri til fjórðu meðferð. Engin greiðslupátttaka er í meðferðum eftir það. Ekki er greitt fyrir geymslu fósturvísa sem kunna að verða til við meðferð. Ekki er greitt fyrir uppsetningu á frystum fósturvísnum. Þetta er í samræmi við þær reglur sem gilda við meðferð á Íslandi.

¹ [484/2016 – Reglugerð um heilbrigðisþjónustu sem sótt er innan aðildarríkis EES-samningsins en hægt er að veita hér á landi og um hlutverk innlands tengiliðar vegna heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.](#)

² [1579/2024 – Reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.](#)

Engin þátttaka er í ferðakostnaði þegar valið er að sækja meðferð erlendis

Í framkvæmd þurfa sjúkratryggðir að leggja út fyrir kostnaðinum og fá síðan endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum.

Hvernig er sótt um

- Fylla þarf út viðeigandi umsókn
- Fyrir endurgreiðslu þarf að afhenda sundurliðaða, viðurkennda reikninga úr bókhaldskerfi þjónustuveitanda þar sem kemur skýrt fram hvað hver þjónusta sem var veitt kostaði. Án nákvæmra upplýsinga er ekki hægt að reikna út rétta greiðsluþátttöku.
- Greiðslustaðfestingar
- Staðfesting á því að meðferð sé lokið með uppsetningu.

Athugið að einungis er hægt að afgreiða umsóknir þegar meðferð hefur lokið með uppsetningu. Ef ekki var hægt að ljúka meðferð með uppsetningu þarf Sjúkratryggingum að berast staðfesting frá meðferðaraðila hvers vegna til að meta hvort þörf sé á frekari gögnum.

Frekari upplýsingar má finna á eftirfarandi slóð: <https://island.is/sjukratrygging-ferdamanna-erlendis/endurgreidsla-a-erlendum-sjukrakostnadi>